



Ritrýnd grein birt 31. desember 2010

Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

„Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“

Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir?

Í greininni er fjallað um hugtakið *heterósexisma* og gerð grein fyrir efni úr fyrsta hluta rannsóknar á heterósexisma í íslenskum framhaldsskóla. Við rökræðum skilning okkar á hugtakinu í því augnamiði að meta á hvern hátt það henti til að greina stöðu hinsegin nemenda innan íslenska skólakerfisins. Við spyrjum hvort og hvernig megi skýra upplifanir þriggja ungra homma í hefðbundnum íslenskum framhaldsskóla með því að horfa á stofnanabundinn heterósexisma. Af gögnum úr fyrsta hluta rannsóknar á stofnanabundnum heterósexisma í framhaldsskóla má greina að hann sé kerfislægur í formgerð og menningu skólanna. Hinsegin ungmenni upplifa stofnanabundinn heterósexisma í daglegum samskiptum við starfsfólk og samnemendur og birtist hann m.a. í skilningsleysi, óþægilegum spurningum og gagnkynhneigðri orðræðu. Skýringa á þessu má að okkar mati einkum leita í því hve ósýnilegir hinsegin nemendur eru í skólanum og í kerfisbundinni þöggun, hvort sem hún er meðvituð eða ómeðvituð, um málefni þeirra og hagsmuni.

Jón Ingvar Kjarran er doktorsnemi og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor. Þeir starfa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. [\[1\]](#)

„I would always end up with some girl“: Are Icelandic upper secondary schools heterosexual?

This article discusses the concept heterosexism and gives the first results of a study of institutionalized heterosexism in an Icelandic upper secondary school. We discuss our understanding of the concept in order to assess the manner in which it can be useful to analyze the status of queer students in the Icelandic school system. We ask how to explain the experiences of three young gay men in a traditional Icelandic upper secondary school by looking at institutionalized heterosexism. Results indicate that institutionalized heterosexism prevails in the structure and culture of the school under investigation. Queer youth experience institutionalized heterosexism daily in their dealings with faculty and fellow students, for instance in lack of understanding, uncomfortable questions they are asked and heterosexual discourse. Possible explanations for this can be found in the low visibility of queer students and systematic exclusion and silencing, whether aware or unaware, of their issues and interests.

Inngangur

Fremur fáar rannsóknir hafa verið gerðar hérlandis á málefnum hinsegin nemenda í skólum (sjá þó Guðmund Pál Ásgeirsson, 1999; Kristínu Elfu Viðarsdóttur og Sif Einarsdóttur, 2006; Söru Dögg Jónsdóttur, 2005). Þessar rannsóknir hafa einkum beinst að viðhorfum kennara og skólastjórnenda til samkynhneigðar og tvíkynhneigðar og þeim erfiðleikum sem tengjast því að koma út úr skápnum og gefa samkynhneigð eða tvíkynhneigð skýrt til kynna. Þær hafa síður beinst að umfangi og eðli *stofnanabundins heterósexisma* innan skólakerfisins. Með stofnanabundnum heterósexisma er meðal annars átt við að gagnkynhneigð sýn á líf einstaklinga og gagnkynhneigð viðmið séu svo ríkjandi í viðkomandi stofnun að tvíkynhneigðum, samkynhneigðum og transfólki finnist það vera sett utangarðs og líði fyrir það.

Íslenskir skólar hafa á undanförunum árum tekið aukið tillit til nemenda af ólíkum uppruna og með fjölbreytilegar þarfir. Hér má nefna nemendur af ólíkum menningaruppruna, sem vísað er til sem fjölmenningar, og fatlaða nemendur sem sækja menntun með jafnöldrum sínum í sömu skólum og þeir. Í síðara tilvikinu er oft talað um skóla án aðgreiningar (e. *inclusion*). Mótun hefur verið stefna um þessa málaflokka, t.d. fjölmenningarstefna Akureyrarbæjar (Akureyrarbær, 2010), og aðalnámskrár skólastiganna gera ráð fyrir hvoru tveggja (Menntamálaráðuneytið, 1999, 2004, 2006).

Enda þótt stefna í hvorugum af ofangreindum málaflokkum sé gallalaus að okkar mati er hún þó nægilega skýr til þess að unnt sé að rökræða hana (sjá t.d. Hafdís Guðjónsdóttur og Jóhönnu Karlsdóttur, 2009; Ingólf Ásgeir Jóhannesson, 2007). Öðru máli gegnir um stefnu í málefnum „hinsegin“ [2] fólks; samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og *transgender* [3] nemenda, foreldra og kennara og stefnu í fræðslu um kynhneigð og mótun hennar. Gildandi aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, sem flestar eru að stofni til frá 1999, hafa næsta lítið fram að færa um kynhneigð og mótun hennar. Þar voru lengst af alls engin ákvæði um kennslu um kynhneigð eða málefni hinsegin nemenda, foreldra eða kennara. Í aðalnámskrá grunnskóla 2006 og 2007 er hins vegar búið að bæta kynhneigð við í ýmsar upptalningar. Þar segir m.a. í almennum hluta að „kennsluáðferðir skulu taka mið af jafnrétti og mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu“ (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 16; sjá einnig aðalnámskrá grunnskóla í lífsleikni, Menntamálaráðuneytið, 2007).

Hvers vegna var kynhneigð gert svo lágt undir höfði í aðalnámskrám að minnast ekki á hana fyrr en 2006, tíu árum eftir að *Lög um staðfesta samvist nr. 87/1996* tóku gildi? Af hverju var kynhneigð eða málefni þeirra hópa sem höfðu orðið fyrir barðinu á fordómum vegna kynhneigðar síður á dagskrá en málefni ýmissa annarra minnihlutahópa? Robinson (2002) og Ferfolja (2007) vísa til þess sem þau nefna stigveldi mismunar (e. *hierarchy of differences*) þar sem sum úrræði sem snerta félagslegt réttlæti innan menntakerfisins, t.d. málefni hinsegin nemenda, lenda neðarlega í forgangsröð og eru jafnvel ósýnileg. Ástæða þess að málefni hinsegin nemenda eru sett á „botn stigveldisins“ er einkum sú að mati Ferfolja (2007) að skólinn og skólakerfið virðist oft gera ráð fyrir því að allir séu gagnkynhneigðir og þar af leiðandi sé óþarfi að grípa til sérstakra úræða eða marka stefnuna gagnvart þessum hópi nemenda. Þessu til viðbótar bendir Ferfolja á að í sumum tilvikum geti þessi málaflokkur verið óþægilegt umræðuefni, fyrir skólastjórnendur og kennara, þar sem margir álíti að um sé að ræða lífsstíl sem víki svo mjög frá hefðbundnu lífni að hann eigi ekki heima innan veggja skólanna. Fjölmargir erlendir fræðimenn telja það viðhorf að kynhneigð og staða hinsegin nemenda sé óþægilegt umfjöllunarefni til marks um heterósexisma (sjá t.d. Epstein, 1997; Ferfolja, 2007; Hartmann, 1993).

Hugtakið *heterósexismi* hefur verið þýtt á ýmsa vegu á íslensku. Í þessari grein verður hugtakið og saga þess erlendis og hérlendis til umfjöllunar ásamt efni úr fyrsta hluta rannsóknar á stofnanabundnum heterósexisma í íslenskum framhaldsskólum. Við rök-ræðum skilning okkar á hugtakinu heterósexismi í því augnamiði að meta á hvern hátt það er nothæft til að greina stöðu hinsegin nemenda í íslenska skólakerfinu. Við spyrjum hvort og hvernig megi skýra reynslu þriggja ungra homma í hefðbundnum íslenskum framhaldsskóla með því að horfa á stofnanabundinn heterósexisma. Greinin hefur því tvenns konar markmið: Annars vegar að skýra hugtökin og hins vegar að lýsa upplifun þriggja ungra homma í framhaldsskóla.

Heterósexismi – saga hugtaks og skilgreining

Eftir því sem næst verður komist birtist hugtakið heterósexismi fyrst árið 1972 í neðanjarðarblaðinu *The Great Speckled Bird* sem gefið var út í borginni Atlanta í Bandaríkjunum (Herek, 2000, 2004). Heterósexismi var þar notað um hugmyndakerfi eða hugmyndafræði (e. *ideology*) þar sem einstaklingum væri hallmælt á grundvelli kynhneigðar. Bentu greinarhöfundar í *The Great Speckled Bird* á tengsl hugtaksins við rasisma og sexisma, en þar virðast sömu lögmál gilda, þ.e. að hallmæla vegna litarháttar eða kyns. Greinarhöfundarnir lögðu út af hugmyndum ítalska marxistans Gramscis sem taldi að í hugmyndafræði hverju sinni birtust menningarlegir yfirburðir ráðandi afla (e. *cultural hegemony*). Í því felst að hugmyndir þeirra sem ráða verða viðmið sem allir telja sig hagnast á að fylgja og lifa eftir þó að það séu aðeins hinir meiri máttar sem græði á fyrirkomulaginu. Gramsci var auðvitað að skrifa um stéttir, en hér er hugmyndin heimfærð á samskipti gagnkynhneigðra við hinsegin fólk (sjá t.d. Gramsci og Hoare, 1971).

Í fyrstu var hugtakið heterósexismi einkum notað af lesbískum feministum en hreyfing þeirra kom fram í upphafi áttunda áratugarins. Með því að nota hugtakið heterósexisma tengdu þær saman hugmyndafræði sem væri andstæð samkynhneigð og þá kúgun sem byggðist á kyni (e. *sex*) og kyngervi (e. *gender*). Að mati lesbísku feministanna var heterósexismi innbyggður í feðraveldið (e. *patriarchy*) (Jay og Young, 1992). Með því að eyða feðraveldinu væri hægt að endurhanna kyngervishlutverkin (e. *gender roles*) og þar með valdahlutföllin í samfélaginu.

Fræðimenn síðari tíma hafa síðan sett fram margvíslegar skilgreiningar á hugtakinu heterósexismi. Þeir sem ritað hafa um það og framkvæmt rannsóknir þar sem það leikur lykilhlutverk (sjá t.d. Chesir-Teran, 2003; Chesir-Teran og Hughes, 2009; Temple, 2005) vitna gjarnan í skilgreiningu Friend (1998) og Pharr (2000) á heterósexisma en sá síðarnefndi skilgreinir heterósexisma þannig og dregur fram einkenni hans:

Heterósexismi skapar hómófóbíu (gagnkynhneigðarhroka) skilyrði til að dafna með því að gera ráð fyrir að samfélög séu og verði að vera gagnkynhneigð. Birtingarform heterósexisma, áhrif hans og forréttindi, eru jafnframt undirstaða hins viðtekna gildismats. Heterósexismi er því kerfisbundin birtingarmynd hómófóbíu innan stofnana samfélagsins. Heterósexismi og hómófóbía stuðla því saman að þvingaðri gagnkynhneigð (Pharr, 2000, bls. 431). [4]

Pharr telur að það sé einkum fernt sem einkennir heterósexisma:

- 1) gagnkynhneigð heimssýn;
- 2) forréttindi og völd gagnkynhneigðra teljast eðlileg;
- 3) kerfisbundin andúð – meðvituð og ómeðvituð – í garð samkynhneigðra innan stofnana samfélagsins og
- 4) ýtt er undir skyldubundna gagnkynhneigð (sjá nánar í kaflanum *Niðurstöður*).

Lykilatriði í skilgreiningu Pharr er að skoða þurfi heterósexisma út frá kerfisbundinni greiningu á stofnunum samfélagsins þannig að hægt sé að draga úr eða eyða hvers kyns andúð í garð hinsegin einstaklinga. Pharr leggur því áherslu á stofnanabundinn heterósexisma sem greinarhöfundum þykir falla vel að skilningi þeirra á hugtakinu. Félagsfræðingarnir Chesir-Teran (2003) og Herek (2004) taka í sama streng og telja mikilvægt að rannsaka stofnanabundinn heterósexisma því hann hafi ekki bara áhrif á líðan hinsegin nemenda heldur líka á líðan allra annarra nemenda. Flestar rannsóknir á birtingarmyndum heterósexisma hafa beinst að einstaklingsbundnum viðhorfum, eins og fram kemur hjá Chesir-Teran (2003, sjá einnig Herek, 2004); en síður að birtingarmyndum stofnabundins heterósexisma.

Hugtakið *heteronormativity*, er þýða má sem gagnkynhneigð viðmið, hefur í seinni tíð oft verið notað samhliða eða í staðinn fyrir heterósexisma (Atkinson og DePalma, 2010; Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2010). *Heteronormativity* felur í sér alveg eins og heterósexismi að allir eru álitnir gagnkynhneigðir þar til annað kemur í ljós. Lítil munur er á merkingu þessara tveggja hugtaka. Notkun hugtaksins *heteronormativity* virðist þó hafa það að markmiði að víkka út ramma hugtaksins (sjá Herek, 2004) og láta það ná til fleiri hópa, ekki einungis þeirra sem teljast vera samkynhneigðir. *Heteronormativity* nær t.d. þannig til áhrifa heterósexismans á kynhneigðarlausu (e. *asexual*) [5], hvort sem þeir eru gagnkynhneigðir eða samkynhneigðir; (gagn)kynhneigð er þannig orðin algilt viðmið.

Hvernig hefur hugtakið heterósexismi verið notað á Íslandi?

Orðið heterósexismi hefur verið notað í umræðunni um stöðu og málefni hinsegin einstaklinga en notkun þess hefur ekki verið í samræmi við þær skilgreiningar eða hugmyndir sem reifaðar eru í kaflanum hér á undan. Þær þýðingar sem notaðar hafa verið virðast okkur vera ónákvæmar og samræmis hefur ekki gætt í þeim. Sömu orð hafa stundum verið notuð jöfnum höndum til að þýða orðin hómófóbía (e. *homophobia*) og heterósexismi. Engu að síður varpar orðanotkunin ljósi á viðtöku hugmynda um heterósexisma hér á landi. Því er hér gerð stutt grein fyrir þessari orðanotkun í fræðilegri umræðu héraendis.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir (2005) og Anni Haugen (2005) hafa í skrifum sínum um samkynhneigð notað orðið kynhneigðarhroki yfir *homophobia* sem við ritum upp á íslensku sem hómófóbía. Sigrún byggir skilgreiningu sína á kynhneigðarhroka á skrifum George Weinberg, höfundar bókarinnar *Society and the Healthy Homosexual* sem kom út árið 1972 (Weinberg, 1972). Bókin var á þeim tíma þegar hún kom út merkilegt framlag til fræðanna og markmið hennar var meðal annars að breyta viðhorfum til samkynhneigðar sem þá var flokkuð sem geðröskun. Titill bókarinnar dregur þetta fram en þar er lögð áhersla á heilbrigði samkynhneigðra þvert á ríkjandi viðmið. Weinberg og Sigrún telja að kynhneigðarhroki byggi á „neikvæðum viðhorfum og óraunhæfum ótta gagnvart samkynhneigð og samkynhneigðum“ (Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2005, bls. 9). Í þessari skilgreiningu leggja þau áherslu á einstaklingsbundna afstöðu til samkynhneigðra og tengja neikvæð viðhorf til þessa hóps við sjúkdómsástand, þ.e. hræðslu eða ótta í garð samkynhneigðra. Við teljum þess háttar sjúkdómsvæðingu og einstaklingsbundna orðræðu, sem gengið er út frá að hugtakið hómófóbía feli í sér, ekki heppilega til að greina samfélagslegar og menningarlegar rætur fordóma og neikvæðrar afstöðu í garð hinsegin einstaklinga. Það getur jafnvel dregið úr ábyrgð ef hægt er að telja slíka afstöðu til sálræns eða sjúklegs ótta, eins konar „ég réð ekki við mig“-afstaða.

Valur Helgi Kristinsson (2005) notar orðið samkynhneigðarfælni þegar hann ræðir viðhorf lækna til samkynhneigðar. Þar er hann væntanlega að vísa til enska hugtaksins *homophobia* og kemur hann þar með annað orð yfir það sem Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Anni Haugen nefna kynhneigðarhroka. Hann skilgreinir þó hvorki þá hugtakanotkun né minnst

hann á enska hugtakið. Síðar í greininni notar hann jöfnum höndum orðin gagnkynhneigðarremba og gagnkynhneigðarhyggja yfir hugtakið heterósexisma. Í báðum tilvikum felst í hugtökunum að mati Vals að ósjálfrátt sé „gert ráð fyrir að allir séu gagnkynhneigðir og komi til með að giftast og eignast börn“ (Valur Helgi Kristinsson, 2005, bls. 46). Sigrún Sveinbjörnsdóttir tekur í sama streng og notar hún jafnframt hugtakið gagnkynhneigðarremba yfir heterósexisma. Að hennar mati felst heterósexismi í „þeirri sannfæringu að gagnkynhneigð sé svo óumdeilanlega æðri, að hvergi er getið samkynhneigðar né gert ráð fyrir öðru en gagnkynhneigð í orðum og áætlunum, verkum og uppákomum“ (Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2005, bls. 9). Báðar þessar skilgreiningar falla vel að umræðunni um heterósexisma hér að framan. Hvorug þeirra dregur þó stofnanabundin einkenni heterósexisma fram á afgerandi hátt eða þá hugmyndafræði sem liggur að baki. Við teljum að orðið gagnkynhneigðarremba vísi um of til einstaklingsbundinnar afstöðu fremur að það vísi til stofnana- eða menningarbundins fyrirbæris. Gagnkynhneigðarhyggja virðist um margt standa nær hugtakinu heterósexismi þar sem það virðist ná nokkuð vel utan um þátt hugmyndafræðinnar, rétt eins og orðið kynþáttahyggja er notað til að þýða enska hugtakið *rasism*.

Sólveig Anna Bóasdóttir (2005) notar orðið gagnkynhneigðarhyggja yfir enska orðið *heterocentrism* í grein sinni um afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðar. Skilgreinir hún hugtakið þannig: „Gagnkynhneigðarhyggja er sú hugmyndafræði að gagnkynhneigð sé hinn eini eðlilegi og rétti farvegur kynlífsathafna og sambúðarforms fólks“ (bls. 94). Hún þýðir svo aftur heterósexisma sem gagnkynhneigðarrembu sem byggir á gagnkynhneigðarhyggju (þ.e. *heterocentrism*). Sólveig virðist því nota enska hugtakið *heterocentrism* yfir það fyrirbæri sem vanalega er nefnt í erlendum rannsóknum heterósexismi.

Að undanfögnu hefur íslenska hugtakið gagnkynhneigt forræði verið notað í umræðunni um stöðu og málefni hinsegin einstaklinga (sbr. Bryndís Erna Jóhannsdóttir, 2010; Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2010, Þorvaldur Kristinsson, 2009). Þetta virðist vera þýðing á enska hugtakinu *heteronormativity*. Þorvaldur Kristinsson (2009) bókmenntafræðingur og fyrrum formaður Samtakanna '78 leggur þó til að nota fremur orðið gagnkynhneigt regluveldi um *heteronormativity*. Rökin eru þau að regluveldi sé nær grunnmerkingu enska orðsins og dragi frekar fram hvers kyn ómeðvitaða iðju og viðmið sem viðhalda og ýta undir forréttindi í krafti gagnkynhneigðarinnar.

Við munum, m.a. í ljósi þess að ekki hefur myndast skýr venja um íslenska þýðingu á *heterósexisma*, nota það orð enda fellur það vel að íslensku máli eins og önnur orð sem enda á „ismi“. Orðið gagnkynhneigðarhyggja gengur næst því að ná yfir hugmyndafræði en þar sem það tekur ekki til hinnar stofnanabundnu nálgunar sem við höfum í huga höfnum við því til að þýða orðið. Ekki gengur hins vegar að nota orðið *heteronormativity* á íslensku. Við höfum kosið að nota gagnkynhneigð viðmið til að leggja áherslu á að ferlin sem hugtakið lýsir eru flókin og líklega fæst þeirra meðvitað heldur inngróin í formgerð og menningu, eins og fram kemur hér á eftir. Orðasambandið gagnkynhneigt regluveldi kemur þó til álita þar sem reglur geta verið bæði skrifaðar og óskrifaðar.

Aðferð

Hér verður kynntur fyrsti hluti rannsóknar okkar á stofnanabundnum heterósexisma. Meginmarkmið hennar var að draga fram reynslu samkynhneigðra einstaklinga af framhaldsskólanum í þeim tilgangi að varpa ljósi á birtingarmyndir heterósexisma. Annar greinarhöfundur tók hálfopin viðtöl við þrjú unga homma á tímabilinu febrúar til ágúst 2010 og völdu þeir sér dulnefnin Hrafn, Benedikt og Gunnar. Þeir höfðu allir verið í sama framhaldsskólanum sem er hefðbundinn bekkjarkerfisskóli á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2003–2010. Reynsla þeirra af þessum tiltekna framhaldsskóla spannar því samanlagt sjö ár og eitt ár voru þeir samtímis í skólanum.

Viðmælendur voru valdir út frá hentugleika (e. *purposive sample*), þ.e. rannsakandi þekkti þá eftir að hafa kennt við skólann á þessu tímabili og þeir þekktu hann og treystu honum (Flick, 2006). Allir viðmælendur komu út úr skápnnum gagnvart fjölskyldu sinni og umhverfinu á þriðja eða fjórða námsári sínu í skólanum. Þykir það óvenjulegt, a.m.k. í þessum framhaldsskóla. Af þeim sökum endurspeglar viðmælendur e.t.v. ekki hinn hefðbundna nemanda sem efast um kynhneigð sína, kyn eða kyngerfi. Ennfremur takmarkast rannsóknin við einn framhaldsskóla og reynsla aðeins þriggja viðmælenda, sem allir eru hommar, en ekki var rætt við lesbíur, tvíkynhneigða einstaklinga eða transfólk að þessu sinni. Við teljum þó að sú reynsla sem hommarnir þrír lýsa í viðtölunum gefi vísbendingar sem nýta má til að skilja stofnanabundinn heterósexisma í framhaldsskólum landsins.

Annar greinarhöfundur hitti hvern viðmælenda einu sinni og tók hvert viðtal að jafnaði rúmlega 90 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð. Í þeim var reynt að komast að því hvort viðmælendurnir hefðu reynslu af einhvers konar heterósexisma og hvernig þeir hefðu brugðist við hinu gagnkynhneigða starfsumhverfi í framhaldsskólanum þar sem þeir stunduðu nám. Engar spurningar með þessum orðum, hvorki á íslensku né ensku, voru lagðar beint fyrir viðmælendurna og þeir notuðu ekki sjálfir þessi hugtök. Spurningarnar snerust um starfsumhverfi framhaldsskólans og líðan þeirra þar, en einnig samskipti þeirra við starfsfólk og samnemendur.

Viðtalsgögnin voru greind út frá þeim sem voru dregin út úr gögnunum. Markmið þema- greiningarinnar var að athuga hvort og hvernig skýra megi reynslu þriggja ungra homma í hefðbundnum íslenskum framhaldsskóla með því að horfa á stofnanabundinn heterósexisma. Við drógum fram tiltekin þemu sem við töldum að gæfu stofnanabundinn heterósexisma til kynna í frásögn viðmælenda okkar. Við greininguna var jafnframt stuðst við hinsegin fræði (e. *queer theory*) sem eru pólitísk og beita krítískri túlkun (Halperin, 2003; Jagose, 1996; Kirsch, 2000). Höfundar túlkuðu þannig niðurstöðurnar með hliðsjón af erlendum rannsóknum á heterósexisma í skólakerfinu (Epstein, 1994; Ferfolja, 2007; Herek, 2004) sem veittu viðmið um hvað mætti búast við að heyra eða heyra ekki.

Niðurstöður

Markmið greinarinnar er að meta hvort og hvernig megi skýra upplifun þriggja ungra homma í hefðbundnum íslenskum framhaldsskóla með því að nota hugtakið stofnanabundinn heterósexismi. Við greinum hér frá niðurstöðum. Fyrst fjöllum við um það hvernig viðmælendurnir upplifðu hina gagnkynhneigðu orðræðu og starfsumhverfi innan framhaldsskólans. Í öðru lagi er rætt um skilningsleysi í garð hinsegin nemenda. Þriðja þemað er skortur á fyrirmyndum og ósýnileiki hinsegin nemenda. Loks verður gerð grein fyrir þögguninni sem umlykur málefni hinsegin nemenda.

Gagnkynhneigð orðræða, umhverfi og viðmið

Þá ályktun má draga af frásögn allra þriggja viðmælenda að orðræðan innan veggja framhaldsskólans hafi verið gagnkynhneigð og ennfremur allt umhverfið og samskiptin. Birtingarmyndir þess voru á ýmsa vegu, allt frá áherslu á gagnkynhneigð tengsl, skilningsleysi í garð hinsegin einstaklinga og óþægilegar eða skrítnar spurningar um kynhneigð og persónulega hagi. Gunnar dregur þessi viðhorf ágætlega saman:

Það sem kannski var erfiðara fannst mér var þessi pressa ... ómeðvituð pressa. Þetta er ekki svona meðvituð pressa sem fólk setur á mann ... það voru allir svona, fólk talar svona mjög frjálst um sitt eigið kynlíf eða kynlíf annarra, sko og þá fór ég líka að pæla af því að ég er ekki gera þetta sem þau eru að gera. Þá er það eitthvað öðruvísi, og mér fannst eins og ég væri verri maður ... og ég hugsaði líka að ég gæti ekki gert það þannig.

Hér er Gunnar að vísa til þess að hann sjálfur gat ekki tekið þátt í þessari umræðu þar sem hann hafði ekki enn komið út úr skápnum. Honum fannst óþægilegt að heyra sögur jafnaldra sinna af eigin upplifunum þegar kom að samskiptum kynjanna. Honum fannst leitt að geta ekki tekið þátt í umræðunni og þar með varð orðræðan þrúgandi fyrir hann. Hann fór að líta á hana sem ögrun við sig og áminningu um að hann væri öðruvísi en jafnaldrarnir.

Í grein Atkinson og DePalma (2010) um gagnkynhneigð viðmið innan breska menntakerfisins er komið inn á sams konar orðræðu og viðbrögð hinsegin einstaklinga við henni. Í viðtölum Atkinson og DePalma við hinsegin kennara kom stundum fram að þeim hafi fundist erfitt að hlusta á frásagnir gagnkynhneigðra samkennara af fjölskylduhögum eða ástarmálum sínum. Vísa þeir til svipaðra tilfinninga og Gunnar gerði hér að framan. Sumir kennarar tóku jafnvel enn sterkara til orða og báru þá von í brjósti að þess háttar umræða ætti sér ekki stað innan skólanna eða þá að ekki ætti að kyngera orðræðuna svona mikið. Atkinson og DePalma telja þess háttar orðræðu þó ekki vera undirrot stofnanabundins heterósexisma en líta mun fremur á hana sem eina af birtingarmyndum hans. Menningin einkennist af gagnkynhneigðum viðmiðum sem móta orðræðuna innan stofnunarinnar; ekki er tekið tillit til margbreytileika heldur hverfist allt um gagnkynhneigðina. Félagsfræðingurinn Seidman (1996) dregur sömu ályktun. Hann telur að mikilvægt sé að skoða hvernig skólakerfið ýtir undir gagnkynhneigð viðmið og hefur þar með hamlandi og þrúgandi áhrif á þá sem ekki falla að þeim viðmiðum. Við tókum í sama streng og teljum að áhersla á fjölbreytileika og margröddun gætu gefið Gunnari og öðrum nemendum í sömu stöðu og hann tækifæri til að taka þátt í þess háttar umræðu án þess að þeir þurfi að skrifa inn í skelina og telja sig vera öðruvísi.

Skilningsleysi

Skilningsleysi í garð hinsegin nemenda virðist vera útbreitt. Það birtist m.a. í einkennilegum spurningum um hagi sem viðkomandi myndi aldrei detta í huga að beina að gagnkynhneigðum einstaklingum. Hrafn sagði til dæmis eftirfarandi um þetta atriði:

Spurningar? *Ertu viss?* Mest það hvort ... ég hafi fundist ég hafa breyst einhvern veginn, hvernig það sé að vera *skotinn í strák*, hvernig fjölskyldan *hafi tekið þessu*, hvernig vinirnir hafi tekið þessu og flestar spurningar sem ég fæ get ég alltaf snúið upp í sams konar spurningu og tekið út samkynhneigð og sett gagnkynhneigð í staðinn. Það slær fólk svolítið út af laginu. Það hefur mest verið spurt mig: *Ertu viss?* Og ég segi, já, núna er ég viss. Hvernig getur þú verið viss ef þú hefur *ekki verið með stelpu?* Og þá notar maður bara sömu spurningu á móti á strákana sem eru gagnkynhneigðir [skáletrun greinarhöfunda].

Hér er vert að huga að tvennu í frásögn Hrafns: Annars vegar spurningar á borð við þær hvort hann sé viss um tilfinningar sínar eða hvernig það sé að vera „skotinn“ í öðrum pilti. Hins vegar hvernig hann reynir að streitast á móti þess háttar spurningum og fá viðkomandi til að átta sig á gagnkynhneigðum fordómum sínum með því að beina sömu spurningum að honum sjálfum, með öðrum forskeytum, þ.e. *gagn-* í stað *sam-*. Hrafn virðist því vera nokkuð meðvitaður um umhverfi sitt og hin gagnkynhneigðu viðmið framhaldsskólans. Hann vill berjast gegn fáfræði og fordómum með því að vera opin og beinskeyttur þegar kemur að eigin kynhneigð.

Benedikt er einnig meðvitaður um mikilvægi þess að vera á verði gagnvart fordómum og fáfræði. Sést það meðal annars af afstöðu hans til umhverfisins þegar kemur að því að upplýsa um eigin kynhneigð. Þar segir hann m.a.:

Ég lendi eiginlega rosalega sjaldan í því að hitta fólk sem veit ekki að ég er samkynhneigður. Þetta er aðallega kannski þegar maður fer inn á nýjan vinnustað ... en ég lít ekki á það þannig náttúrulega að [það] ... hvíli á mér einhver svona skylda að segja fólk þá. Þetta er frekar eitthvað sem kemur þá upp á einum eða öðrum tímamarki. Þetta er ekkert sem mér finnst ég þurfi að koma clean með þegar ég hitti nýtt fólk.

Benedikt tekur þarna fram að hann ætti ekki að þurfa að „koma clean með“ kynhneigð sína, ekki frekar en gagnkynhneigðir einstaklingar tilgreini kynhneigð sína og/eða langanir í þeim efnum. Má segja að hér mótmæli Benedikt ríkjandi menningu er einkennist af heterósexisma sem krefst þess af einstaklingum, sem ekki falla að hinum gagnkynhneigðu viðmiðum, að ræða opinskátt um persónuleg málefni sín á borð við kynhneigð eða kynlífsreynslu eða þá að þurfa að svara skrítnum spurningum á borð við þær sem Hrafn minntist á í sinni frásögn.

Viðhorf af þessu tagi koma víða fyrir í rannsóknum sem varða líf og reynslu hinsegin fólks og þá gjarnan bent á að það að „koma út úr skápnum“ sé ferli sem tekur engan endi (Herdt og Boxer, 1993). Ennfremur verða hinsegin einstaklingar í sífellu fyrir spurningum um eigin kynhneigð og tilfinningar, eitthvað sem gagnkynhneigðir einstaklingar þurfa yfirleitt ekki að glíma við á hverjum degi. Þar að auki virðist skipta miklu máli fyrir umhverfið að einstaklingar sem ekki falla að hinum gagnkynhneigðu viðmiðum séu skilgreindir út frá hinni algengu tvíhyggju um samkynhneigð og gagnkynhneigð. Hvers kyns óvissa eða jafnvel bein uppreisn gegn slíkum viðhorfum eins og kemur fram í frásögn Benedikts, truflar hina gagnkynhneigðu orðræðu. Í henni verður til sú krafa að allir þurfi að vera á sínum kynhneigðarbás, hafa einhvern „viðurkenndan“ kynhneigðarstimpil. Þannig komust Martino og Pallotta-Chiarolli (2003) að því að það gat þótt flott að vera hommi, einkum ef viðkomandi drengir féllu að hugmyndum um það hvernig hommi ætti að vera (sjá einnig Ingólf Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 74). Herdt og Boxer (1993) benda á að þessi flokk-unartilhneiging geti reynst mörgum erfið, einkum þeim sem eru að velta fyrir sér eigin kynhneigð og stöðu.

Skortur á fyrirmyndum og ósýnileiki

Flestir rannsóknir á stöðu hinsegin ungmenna leggja ríka áherslu á mikilvægi fyrirmynda í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra og vitund um eigin kynhneigð. Skortur á fyrirmyndum getur leitt til þess að ungt fólk komi síður út úr skápnum, átti sig síður á eigin stöðu eða lendi í erfiðleikum því samfara (sbr. Boxer og Herdt, 1993; Epstein, 1994). Í frásögnum allra viðmælendanna kom fram að þeir höfðu nær engar fyrirmyndir innan veggja skólans sem gátu hjálpað þeim að móta við sjálfsmynd sína. Ennfremur voru þeir allir sammála um að miðað við þann fjölda sem væri í skólanum þætti þeim skrítið hversu fáir nemendur væru samkynhneigðir. Þeir upplifðu sig sem „eina hommann“ innan skólans eins og kemur fram í frásögn Gunnars:

Það er enginn samkynhneigður í skólanum ... innan gæsalappa af því það eru svo fáir sem eru komnir út. Það má segja það svoleiðis: Það eru svo fáir sem eru komnir út og þá verður þetta rosalega erfitt að vera eina lessan eða eini homminn í skólanum.

Benedikt bætir svo við að þeir hommar sem voru áberandi þegar hann var að koma út úr skápnum hafi ekki höfðað til hans. Sú mynd sem oftast var dregin upp af hinum dæmigerða homma var af hinum glysgjarna „glamúrhomma“ eins og kemur fram í eftirfarandi tilvitnun:

Mér fannst það soldið vanta af því að allir hommarnir sem eru svona áberandi þeir eru rosalega mikið ... svona glamúrhommar.

„Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“: Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir?

Þessi mynd var í andstöðu við hans eigin hugmyndir:

Sko, af því ég svona ég er ekkert sérstaklega mikill hommi ... ég meina ég blæs ekki á mér hárið áður en ég fer út, ég mála mig ekki, ég hef aldrei ... fengið neitt út úr því ... að fara í stelpuföt eða neitt svoleiðis ... mér hefur alltaf verið hálf illa við það.

Að framansögðu má sjá að Benedikt getur alls ekki samsamað sig þeirri ríkjandi staðalmynd sem dregin er upp af hommum. Hann hafði engar fyrirmyndir, hvorki innan né utan skólans, þegar hann var sjálfur að koma út úr skápnunum. Hann leitaði því að fyrirmyndum sínum í kvikmyndum og fann þær m.a. í kvikmyndinni *Brokeback Mountain* sem fjallar um ástir tveggja kúreka sem þurfa að glíma við formgerð samfélagsins. Hér fann viðmælandi minn fyrirmyndir enda hefur kúrekinn löngum verið tengdur við ímynd karlmennskunnar. Hann sagðist hafa horft á þessa kvikmynd mörgum sinnum meðan hann var að takast á við það að koma út úr skápnunum.

Gunnar er sammála Benedikt og segir að hann hafi ekki getað samsamað sig hugmyndinni um „glamúrhommann“ sem hafi verið frekar áberandi þegar hann var að glíma við tilfinningar sínar. Hann hafi því alveg eins og Benedikt leitað í smiðju myndrænna miðla og fundið sína fyrirmynd í sjónvarpsþáttunum *Skins* en þar er aðalsögupersónan hommi. Gunnar lýsir þessu þannig:

Maxie ... er sem sagt samkynhneigður strákur og er rosalega flottur og hefur mikinn áhuga á söngleikjum og dansi og þannig sko og ég hef líka rosalega mikinn áhuga á söngleikjum og danslist ... og þannig. Ég náði svona að tengja hann rosalega mikið við mig ... og þráði svo mikið að hitta þann einstakling.

Eins og þegar hefur verið minnst á fannst öllum viðmælendum okkar skrítið að svo fáir eða nær engir samkynhneigðir einstaklingar væru í svo stórum skóla. Þeir voru sammála um það að sýnileikinn væri ekki mikill innan skólans og umræða um samkynhneigð væri mjög lítil. Benedikt sagði:

Sko, í fyrsta lagi held ég að það sé bara það, ég er ekkert endilega viss um að séu allir búnir að fatta þetta bara einfaldlega á þessum tíma. En svo held ég líka að það sé bara fólk bitur í sig ótrúlega furðulegar einhvern veginn sko meiningar og ... eins og ég gat alveg horft á x og segi hann gat alveg komið út úr skápnunum en það þýðir ekki að ég geti það sko. Svona hugsaði ég soldið og ég sá fyrir mér þegar ég væri orðinn [hátt settur innan félagslífsins] og væri hommi og þá myndi bara byrja bara að þú veist að hendast fólk hérna út úr skápnunum af því að þeir ... gætu allir horft til mín. En síðan gerðist það ekkert þannig að ég er að þæla hvort að fólk er, horfir kannski, ég meina hann getur það en það þýðir ekki að ég geti það sjálfur og eins og ég gerði, fólk bitur í sig einhverjar hugmyndir um að það breytist allt ... þegar það kemur út úr skápnunum.

Lesi má tvennt úr útskýringum Benedikts. Í fyrsta lagi telur hann að sumir nemendur virðist ekki átta sig á eigin kynhneigð á þeim tíma sem þeir eru í framhaldsskóla. Má einnig ætla að margir nemendur reyni að afneita samkynhneigðum tilfinningum eða bæla þær niður vegna þess að umhverfið hvetur ungt fólk síður en svo til að koma út úr skápnunum. Þetta kemur fram í frásögn Gunnars en hann kom síðast út úr skápnunum gagnvart skólaumhverfinu af viðmælendunum. Í öðru lagi virðist skorta sýnileika og fyrirmyndir, jafnvel þó að Benedikt hafi vonað að með sínum sýnileika og opinskárru umræðu um eigin kynhneigð myndu fleiri fylgja í kjölfarið. Svo reyndist ekki vera. Hrafn tekur undir mikilvægi þess að áberandi einstaklingar í félagslífinu, einkum þeir sem komið hafa út úr skápnunum,

reyni að verða öðrum innan skólans góð fyrirmynd og berjast þar með gegn hvers kyns fordómum og heterósexisma.

Fram kemur að viðmælendurnir voru nokkuð ánægðir í framhaldsskólanum og þeim virðist hafa liðið þar vel þrátt fyrir að hafa verið að nokkru leyti í felum með tilfinningar sínar. Gunnar ítrekar þó þann tilfinningalega múr sem hann byggði upp gagnvart lífinu í skólanum. Hann reyndi að loka á þær tilfinningar sem voru að bærast innra með honum á meðan hann var í skólanum enda var þar enginn á hans aldri sem hann gat rætt þessi mál við. Benedikt og Hrafn taka að nokkru leyti í sama streng og Hrafn telur meira að segja að samkynhneigðin hafi stundum orðið honum til framdráttar, m.a. hafi honum gengið vel að koma sér á framfæri á hinum félagslega vettvangi skólans og verið nokkuð vinsæll meðal samnemenda. Fáar erlendar rannsóknir koma inn á þetta og nær ekkert hefur verið fjallað um slíkt í fræðilegri umræðu á Íslandi (sbr. Guðmundur Páll Ásgeirsson, 1999). Þær erlendu rannsóknir sem minnst hafa á vinsældir eða sterka félagslega stöðu hinsegin einstaklinga virðast gefa mismunandi skýringar á því. Aleman (2005) ályktar að samkynhneigður viðmælandi hennar, ungur hommi, hafi notið vinsælda vegna þess að hann hafi verið opin um sína kynhneigð og fallið inn í hópinn, jafnvel ekki hagað sér alltof „kvenlega“.

Þöggunin og þvinguð gagnkynhneigð

Allir viðmælendurnir minnst á neikvæða reynslu og erfiðleika í tengslum við skólaböll og aðrar þess háttar skemmtanir á vegum skólans. Þar fundu þeir sterklega fyrir hinni þvinguðu gagnkynhneigð sem er hugtak sem rithöfundurinn og feministinn Adrienne Rich kynnti fyrst í tímaritsgrein árið 1980. Í stuttu máli gengur þvinguð gagnkynhneigð út á það að í gegnum uppeldi og ríkjandi orðræðu er okkur „kennd“ gagnkynhneigð. Við gerum þá kynhneigð að okkar eigin og teljum að þannig eigi maður að vera (Rich, 1993). Þessu má lýsa þannig að mótun gagnkynhneigðar verði eins konar skylduverkefni drengja, ætli þeir sér að verða karlar með karlmönnum (sjá t.d. Ingólf Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Áður en viðmælendurnir komu út úr skápnum gagnvart umhverfinu, reyndu þeir í fyrstu að falla að staðalmyndinni og tóku þátt í hinum gagnkynhneigða ballleik. Grípum niður í frásögn Hrafns af þessu:

Mér fannst það alltaf voðalega leiðinlegt að ég gæti aldrei farið í sleik við einhvern eða reynt við einhvern gaur sem mér fannst vera heitur, og bara svona, það er skemmtilegra. Og ég man fyrsta árið, þá var maður alveg í bullandi sleik við einhverjar stelpur ... en það er ekkert fyrir mig, ég get það ekki.

Benedikt og Gunnar segja svipaða sögu af ballreynslu sinni. Engum þriggja viðmælendanna leið því sérstaklega vel á skólaböllum og fannst þeim öllum leiðinlegt að geta ekki farið á ball og „reynt við einhvern gaur“ án þess að eiga á hættu að verða að athlægi. Skólaböll og kynjaðir atburðir á vegum skólans treystu því hina gagnkynhneigðu orðræðu í sessi og ýttu undir þau viðmið innan skólans að hin eðlilega hegðun væri gagnkynhneigð.

Staðalmynd hins hamingjusama „kærustupars“ á balli voru einstaklingar af gagnstæðu kyni og þar virðist lítið pláss hafa verið fyrir annars konar tilfinningar eða hneigðir. Félags- og menntunarfræðingurinn Debbie Epstein (1997) hefur rætt þetta atriði í skrifum sínum um stöðu hinsegin nemenda innan breska skólakerfisins. Hún hefur bent á að sterk tengsl séu á milli sexisma og heterósexisma, einkum þegar kemur að menningu og umhverfi skólanna, enda eru þeir að hennar mati „kynjaðir“ (e. *gendered*) og „kynhneigðir“ (e. *sexualized*) staðir. Formgerð skólanna, umhverfi þeirra og menning ýtir undir gagnkynhneigð viðmið og stuðlar að skyldubundinni eða þvingandi gagnkynhneigð. Eins og þegar hefur

verið bent á kom þetta fram hjá öllum viðmælendum þremur, einkum þegar þeir ræddu reynslu sína af atburðum innan skólans.

Samantekt og umræður

Í greininni lögðum við upp með tvenns konar markmið: Annars vegar að skýra hugtök og hins vegar að segja frá upplifun þriggja ungra homma í hefðbundnum framhaldsskóla. Við spurðum hvort og hvernig megi skýra reynslu hommanna ungu með því að horfa á stofnanabundinn heterósexisma og var hugað að því hvernig hugtakið gæti nýst til að greina stöðu hinsegin nemenda í framhaldsskólum.

Við teljum að skoða beri heterósexisma út frá formgerð og menningu skóla í stað þess að draga fram einstaklingsbundna afstöðu til hinsegin einstaklinga, eins og algengast hefur verið hér á landi. Af því sem ungu hommarnir þrír lýsa má draga þá ályktun að stofnanabundin menning framhaldsskólanna og gagnkynhneigð viðmið móti hegðun og líðan bæði gagnkynhneigðra og hinsegin einstaklinga. Niðurstöður fyrsta hluta rannsóknar á stofnanabundnum heterósexisma í framhaldsskóla gefa þannig til kynna að hann sé kerfislegur í formgerð og menningu skólanna. Slíkt fá hinsegin ungmenni að reyna daglega í samskiptum sínum við starfsfólk og samnemendur og það birtist m.a. í skilningsleysi, óþægilegum spurningum og gagnkynhneigðri orðræðu. Skýringa á þessu má einkum leita í því hve lítt sýnilegir hinsegin nemendur eru og því að þagað er um málefni þeirra og hagsmuni. Sú þögn kann að vera ómeðvituð en hún kann líka að vera vísvitandi þöggun. Þetta merkir að hinsegin nemendur hafa nær engar fyrirmyndir innan veggja skólans. Allir viðmælendurnir minntust á þessi atriði og fannst skrítið að í svo stórum skóla væru jafn fáir einstaklingar komnir út úr skápnum og raun bar vitni. Virtust þeir í útskýringum sínum vísa óbeint til þvingaðrar gagnkynhneigðar og þess forræðis sem hún hefur innan skólans.

Allir viðmælendur í rannsókninni ræddu það t.d. hversu erfitt hefði verið fyrir þá að sækja skólaböllin, einkum vegna þess hve gagnkynhneigð umgjörð þeirra reyndist vera. Þöggun og það hversu fáir virðast komnir fram opinberlega sem samkynhneigðir einstaklingar er ekki til marks um beina fordóma gagnvart þeim fáu hommum sem kjósa að koma út úr skápnum, heldur vísbending um það að hversu miklu leyti heterósexismi er inngróinn í menningu og umgjörð skólanna.

Við höfum í þessari grein aðeins nýtt okkur viðtöl við homma úr einum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Stofnanabundinn heterósexismi kann að birtast lesbíum og öðru hinsegin fólki öðruvísi en hommunum ungu en fátt bendir til þess að formgerð skólans geri þeim auðveldara fyrir. Sérstaklega er hætt við því að tilhneigingin til þess að flokka fólk í gagnkynhneigt eða samkynhneigt leiði til þöggunar tvíkynhneigðra og málefna þeirra (sjá t.d. Caldwell, 2010).

Lokaorð

Við vonum að breytingar verði innan skólakerfisins á málefnum hinsegin nemenda, bæði við gerð nýrra námskráa og á starfsumhverfi og menningu skólanna. Hér þarf að huga að tveimur þáttum sem viðhalda heterósexisma innan stofnana. Annars vegar er það útilokunin (e. *exclusion*), sem felst í því að hinsegin nemendum er ekki skapað rými eða tryggt að þeir séu sýnilegir í skólunum. Hins vegar er innlimunin (e. *inclusion*) en í henni felst að samkynhneigð og önnur „frávíkshægðun“ er þöggud niður með því að færa hana í „búning“ hinna gagnkynhneigðu viðmiða undir merkjum hins sammannlega, „öll erum við manneskjur“, og með því er hún falin.

Í drögum að aðalnámskrá grunnskóla virðist gæta hugarfarsbreytingar. Þar er minnst þrívægis á hugtakið kynhneigð (Menntamálaráðuneytið, 2010a). Í álitni rýnihóps um grunnþætti menntunar kemur ennfremur fram hugtakið „gagnkynhneigða forræðið“ í lista sem

ber yfirskriftina „kyn og kynhneigð“ (Menntamálaráðuneytið, 2010b, bls. 12). Ef álit rýni-hópsins verður gert að formlegri stefnu um þennan málaflokk yrði stígið skref í þá átt að viðurkenna stofnanabundinn heterósexisma í skólakerfinu og betri tækifæri fengjust til að vinna markvisst gegn honum.

Aftanmálgreinar

1. Höfundar vilja þakka Guðrúnu Kristinsdóttur, Pétri Hrafni Árnasyni og Þorvaldi Kristinssyni fyrir yfirllestur og góðar ábendingar.
2. Orðið hinsegin hefur fest sig í sessi hérlendis að undanfögnu. Það er í samræmi við erlenda orðanotkun þar sem orðið „*queer*“ hefur verið notað síðan á tíunda áratug 20. aldar. Í þessum tilvikum fela orðin „hinsegin“ og „*queer*“ ekki lengur í sér þá neikvæðu merkingu sem þau höfðu áður fyrr, heldur hafa hinsegin einstaklingar snúið vörn í sókn og „náð“ orðinu til sín. Ennfremur er vert að leggja áherslu á að með því að nota orðið hinsegin erum við ekki að setja reynslu og upplifanir þessa breiða hóps undir einn hatt, smætta hana, heldur einfaldlega að ítreka og draga fram fræðilega nálgun hinsegin fræðanna, sem er beint og óbeint leiðarljós greinarinnar.
3. „*Transgender*“ er regnhlífarhugtak yfir allt það sem kalla má á milli kynja, og þá notað yfir það fólk sem kaus/kýs að lifa í öðru kyngervi en því sem samræmist líkamlegu kynferði þess. Hér er því um fjölbreytilegan hóp að ræða, t.d. „*transsexual*“, „*transvestite*“ og „*intersex*“ fólks. Á íslensku hefur orðið transfólk rutt sér rúms á síðustu árum sem regnhlífarhugtak nokkurn veginn í sama skilningi og „*transgender*“.
4. Á ensku er textinn þannig: „Heterosexism creates the climate for homophobia with its assumption that the world is and must be heterosexual and its display of power and privilege as the norm. Heterosexism is the systematic display of homophobia in the institutions of society. Heterosexism and homophobia work together to enforce compulsory heterosexuality ...“
5. Enska hugtakið *asexual/asexuality* hefur verið notað um þá einstaklinga sem hafa hvorki áhuga á kynlífi né þrá til annarra af sama eða gagnstæðu kyni. Hér þarf að hafa í huga að *asexuality* felur ekki í sér meðvitaða ákvörðun um að sneiða hjá kynlífi, sbr. munklífi í ýmsum trúarbrögðum. Enn fremur stunda sumar manneskjur sem teljast vera *asexual* kynlíf án þess að hafa löngun til þess (sjá t.d. Baber og Murray, 2001).

Heimildir

Akureyrarbær. (2010). *Fjölmenningsstefna Akureyrarbæjar*. Akureyri: Höfundur.

Aleman, G. (2005). Constructing gay performances: Regulating gay youth in a "gay friendly" high school. Í B. K. Alexander, G. L. Anderson og B. P. Gallegos (ritstjórar), *Performance theories in education: Power, pedagogy and the politics of identity* (bls. 149–171). Mahwah: Lawrence Erlbaum Associates.

Anni Haugen. (2005). „Ég er alveg með hnút í maganum“: Félagsráðgjöf Samtakanna '78. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson (ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér: Samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta* (bls. 21–33). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Atkinson, E. og DePalma, R. (2010). The nature of institutional heteronormativity in primary schools and practice-based responses. *Teaching and Teacher Education*, 26, 1669–1676.

Baber, K. M. og Murray, C. I. (2001). A postmodern feminist approach to teaching human sexuality. *Family Relations*, 50(1), 23–33.

Bryndís Erna Jóhannsdóttir. (2010). *Kynleg kreppa – jafnréttismál á umbrotatímum: Tækifæri til framfara eða líkur á bakslagi*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.

- Caldwell, K. (2010). We exist: Intersectional in/visibility in bisexuality & disability. *Disability Studies Quarterly*, 30(3–4). Sótt 10. október 2010 af <http://www.dsqsds.org/article/view/1273/1303>
- Chesir-Teran, D. (2003). Conceptualizing and assessing heterosexism in high schools: A setting-level approach. *American Journal of Community Psychology*, 31(3–4), 267–279.
- Chesir-Teran, D. og Hughes, D. (2009). Heterosexism in high school and victimization among lesbian, gay, bisexual, and questioning students. *Journal of Youth Adolescence*, 38, 963–975.
- Epstein, D. (1994). Lesbian and gay equality within a whole school policy. Í D. Epstein (ritstjóri), *Challenging lesbian and gay inequalities in education*. Buckingham: Open University Press.
- Epstein, D. (1997). Boyz' own stories: Masculinities and sexualities in schools. *Gender & Education*, 9(1), 105–116.
- Ferfolja, T. (2007). Schooling cultures: Institutionalizing heteronormativity and heterosexism. *International Journal of Inclusive Education*, 11(2), 147–162.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research*. London: Sage Publications.
- Friend, R. (1998). Heterosexism, homophobia, and the culture of schooling. Í S. Books (ritstjóri), *Invisible children in the society and its schools* (bls. 214–230). Mahwah: Lawrence Erlbaum Associates.
- Gramsci, A. og Hoare, Q. (1971). *Selections from the prison notebooks*. New York: International Publishers.
- Guðmundur Páll Ásgeirsson. (1999). *Með hnút í maganum: Viðtöl við lesbíur og homma um sársaukafullar tilfinningar í tengslum við að koma úr felum*. Reykjavík: Iðnú.
- Hafðís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2009). „Látum þúsund blóm blómstra“: Stefnumörkun um skóla án aðgreiningar. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 61–77.
- Halperin, D. M. (2003). The normalization of queer theory. *Journal of Homosexuality*, 45(2), 339–343.
- Hartmann, J. (1993). *Mit geschaerftem blick dagegen: Heterosexismus in schule und schulforschung*. Fyrirlestur fluttur á Paedagogischer Kongress: Lebensformen und Sexualitaet. Was heisst hier normal? Lesbisch – schwul – heterosexuell, Berlin.
- Herdt, G. og Boxer, A. (1993). *Children of horizons: How gay and lesbian teens are leading a new way out of the closet*. Boston: Beacon Press.
- Herek, G. M. (2000). The psychology of sexual prejudice. *Current Directions in Psychological Science*, 9, 19–22.
- Herek, G. M. (2004). Beyond "homophobia": Thinking about sexual prejudice and stigma in the twenty-first century. *Sexuality Research & Social Policy*, 1(1), 6–24.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2007). Fjölmennning og sjálfbær þróun: Lykilatriði skólustarfs eða óþægilegir aðskotahlutir? *Netla*. Sótt 27. september 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2007/018/index.htm>
- Jagose, A. (1996). *Queer theory*. Melbourne: Melbourne University Press.
- Jay, K. og Young, A. (ritstjóri). (1992). *Out of the closets: Voices of gay liberation*. New York: New York University Books.
- Katrín Anna Guðmundsdóttir. (2010). „Ég lit ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu.“ *Um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Kristín Elfa Viðarsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2006). „Svona eða hinsegin“: Áhrif fræðslu á viðhorf kennara til sam- og tvíkynhneigðra. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 26–40.
- Kirsch, M. H. (2000). *Queer theory and social change*. London: Routledge.
- Lög um staðfesta samvist* nr. 87/1996.
- Martino, W. og Pallotta-Chiarolli, M. (2003). *So what's boy? Addressing issues of masculinity and schooling*. Maidenhead: Open University Press.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2004). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2010a). *Drög að almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 25. október 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Almennur_drog_120710.pdf
- Menntamálaráðuneytið. (2010b). *Grunnþættir í menntun*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 25. október 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/-Grunntattir_i_menntun_juli2010.pdf
- Pharr, S. (2000). Homophobia: A weapon of sexism. Í M. Plott og L. Umanski (ritstjórar), *Making sense of women's lives: An introduction to women's studies* (bls. 424–438). Oxford: Rowman & Littlefield Publishers.
- Rich, A. (1993). Compulsory heterosexuality and lesbian existence. Í H. Abelove, M. A. Barale og D. M. Halperin (ritstjórar), *The lesbian and gay studies reader* (bls. 227–253). New York: Routledge.
- Robinson, K. H. (2002). Making the invisible visible: Gay and lesbian issues in early childhood education. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 3(3), 415–434.
- Sara Dögg Jónsdóttir. (2005). Samkynhneigð og grunnskólinn. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson (ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér: Samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta* (bls. 35–43). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

„Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“: Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir?

Seidman, S. (1996). Introduction. Í S. Seidman (ritstjóri), *Queer theory / sociology*. Cambridge: Blackwell.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir. (2005). Maður með mönnum: Að lifa í sátt við sig og sína. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson (ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér: Samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta* (bls. 7–20). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sólveig Anna Bóasdóttir (2005). Samkynhneigð og kristin siðfræði. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson (ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér: Samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta* (bls. 65–96). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Temple, J. R. (2005). “People who are different from you”: Heterosexism in Quebec high school textbooks. *Canadian Journal of Education*, 28(3), 271–294.

Valur Helgi Kristinsson. (2005). Samskipti lækna og samkynhneigðra. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson (ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér: Samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta* (bls. 43–63). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Weinberg, G. (1972). *Society and the healthy homosexual*. New York: St. Martin's Press.

Þorvaldur Kristinsson. (2009, september). *Hið gagnkynhneigða regluveldi, hinsegin veruleiki og hinsegin fræði*. Erindi flutt á Jafnréttisdögum Háskóla Íslands, Reykjavík.



Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). „Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“: Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/017.pdf>